

## FUNDARGERÐ



Minjastofnun  
Íslands

**Fundarefni :** 20. fundur Minjaráðs Reykjavíkur og nágrennis.

**Fundartími:** 11. september 2025 kl. 13:00.

**Fundarstaður:** Minjastofnun Íslands, Suðurgötu 39, Reykjavík.

**Fundarmenn:**

F.h. Safnaráðs (SR): Guðný Dóra Gestsdóttir

F.h. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH): Nikulás Úlfar Másson

F.h. Minjastofnunar Íslands (MÍ): Guðrún Harðardóttir, Stefán Pálsson, Drífa Þrastardóttir, Henny Hafsteinsdóttir.

**Fundarritari:** Henny Hafsteinsdóttir.

Tekið var á móti fulltrúum minjaráðsins á skrifstofu Minjastofnunar Íslands. Bæði aðal- og varamenn voru boðaðir á fundinn, forföll tilkynntu; Auður Dagný Kristinsdóttir (SSH), Guðbrandur Benediktsson (SR) og Óskar Örn Arnórsson (MÍ) sem jafnframt tilkynnti að hann yrði að hætta við þátttöku í minjaráðinu. Stefnt er að því að finna nýjan fulltrúa í hans stað fyrir næsta fund.

Rúnar Leifsson, Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands bauð fólk velkomið, kynnti tilurð stofnunarinnar og helstu verkefni og afhenti erindisbréf. Agnes Stefánsdóttir sviðsstjóri rannsóknar og miðlunar kynnti starfsemi og hlutverk stofnunarinnar og fór nánar yfir skipurit og vinnu við skráningar og uppfærslu á minjavefsjá. Þór Hjaltalín, Sviðsstjóri minjavarðasviðs fór yfir hlutverk og starfsemi minjaráða sem er ráðgjafaráð fyrir minjavörslu og mjög mikilvægt fyrir starfsemi Minjastofnunar. Kynnt var nýleg reglugerð um minjasvæði og minjaráð og upplýst um breytingu á fjölda og fyrirkomulagi funda sem framvegis verða tveir á ári (vor- og haustfundur) ásamt einum sameiginlegum minjaráðsfundi þar sem öll minjaráðin á landinu koma saman á Teams-fundi.

Fleira var ekki á dagskrá

Næsti fundur verður sameiginlegur minjaráðsfundur á Teams. Vorfundur Minjaráðsins Reykjavíkur og nágrennis verður haldinn 3. júní 2026 kl. 13:00. Staðsetning og dagskrá kynnt síðar.

Fundi slitið kl. 14:45